

07. sep. 2018

Málsnr. 2018-09-0019

Frumrit - skilist til skjalasafns



Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 bréfasími: 552 7382  
postur@srn.is srn.is

Reykjavík 4. september 2018  
Tilv.: SRN17080061/7.16.4

### Framlög vegna nýbúafræðslu 2019

Starfsmenn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vilja koma því á framfæri við framkvæmdastjóra sveitarfélaga að upplýsingaöflun er nú hafin vegna umsókna sveitarfélaga um framlög úr sjóðnum vegna nýbúafræðslu á árinu 2018 á grundvelli 5. gr. reglugerðar nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla.

Eins og undanfarin ár hefur Hulda Karen Daníelsdóttir, sérfræðingur, sem veitir ráðgjöf um nám og kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT), milligöngu um þá upplýsingaöflun fyrir sjóðinn og hefur hún nú þegar sent út tölvubréf til skólastjórnenda og skólaskrifstofa þar að lútandi. Hulda Karen hefur aðsetur hjá Menntamálastofnun.


**Upplýsingaöfluninni lýkur 25. september nk.**

Forsendur fyrir úthlutun framlaga vegna ÍSAT kennslu eru eftirfarandi:

- Að nemandi njóti og hafi sérstaka þörf fyrir kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.
- Að nemandi sé innflytjandi, Íslendingur sem dvalið hefur langdvölum erlendis eða tvítyngdur nemandi sem fæddur er á Íslandi en tali annað tungumál en íslensku á heimili sínu.

Á grundvelli upplýsinga frá verkefnisstjóranum mun ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gera tillögu að úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna nýbúafræðslu á árinu 2019 og er stefnt að því að upplýsingar þar að lútandi muni berast framkvæmdastjórum sveitarfélaga seinni hluta októbermánaðar nk.

Fyrir hönd ráðherra

  
Guðni Geir Einarsson

  
Gústav Aron Gústavsson